

61. fundur Hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis. Miðvikudagur, 5. apríl 2017.

Mættir f. hönd hverfisnefndar :

Anna Krístrún Sigurpálsdóttir

Ingólfur Helgason

Martha E. Laxdal

Aðrir fundargestir: 3

Fundarefni:

1. Ráðstöfun fjármagns til framkvæmda á árinu 2017
2. Innsend erindi til nefndar
3. Nýliðun í nefndina

1. Ráðstöfun fjármagns til framkvæmda á árinu 2017

Á framkvæmdaáætlun 2017 frá fyrra ári er uppsetning ljósastaura við grillhúsið sem stendur á lóð Lundarskóla. Einnig er fyrirhugað að setja upp vinnuborð og ruslafötur. Stefnt er á að klára verkið í vor 2017.

Hverfisnefnd Lunda- og Gerðahverfis hefur til umráða 2 milljónir króna fyrir aðrar framkvæmdir 2017. Nokkrar tillögur komu frá íbúum af facebook-síðu Hverfisnefndarinnar um ráðstöfun fjármagns þegar kallað var eftir hugmyndum:

- Endurbætur á fótboltavelli við Stóragerði
- Lagfæring á leikvelli Stóragerði/Grundargerði
- Endurbætur á körfuboltasvæði við Lundarskóla

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar hefur svarað fyrri erindum nefndarinnar um leikvöllinn og segir í bréfi dags. 16.03.2017 að „lagfæra [þurfi] undirlagið eins fljótt og hægt er með vottuðum gúmmihellum“. Varðandi fótboltavöllinn við Stóragerði verður ekki betur séð í drögum um nýtt Aðalskipulag Akureyrar að sá völlur komi til með að víkja svo sennilegt er að ekki verði ráðist í ákvarðanir um endurbætur fyrr en búið er að samþykkja Aðalskipulagið og framtíð vallarins verður ljósari. Varðandi endurbætur á körfuboltavelli við Lundarskóla þá hafa þær verið til umfjöllunar innan skólans og standa vonir til þess að komið verði upp löglegum körfuboltavelli til keppnisafnota í nánustu framtíð.

Hugmynd kom fram frá fundargesti um uppsetningu á æfingar-útítækjum við endann á Daggarlundi, undir Hestaklöpp. Þar er mikið mannlíf á sumrin og margir t.d. sem stunda útihlaup um svæðið og aðrar þolæfingar. Sjá tillögur á eftirfarandi myndum:



Sem stendur er eitt gamalt og fúíð fótoltamark á svæðinu undir Hestaklökk sem þarf að fjarlægja. Tillaga kom fram um að setja upp tvö betri fótoltamörk á sama svæði.

Einnig kom fram hugmynd um uppsetningu leiktækja fyrir lítil börn á horni Grenilundar og Bjarkarlundar sem og hugmyndir um að lífga upp á útivistarsvæðið í svonefndri Jólasveinabrekku með leiktækjum og bekkjum. Þaðan voru t.d. teknir bekkir í ágúst 2016 til afnota við grillhús og því þörf á að bæta við bekkjum næsta sumar.

Ákveðið var að setja bæði hugmyndina um útiæfingatæki og fótoltamörk í forgang á framkvæmdalista fyrir árið 2017 og mun hverfisnefndin ganga í það á næstunni að leita hagstæðra tilboða og nýta ráðstöfunarfé ársins til þeirra auk annarra framkvæmda eftir því sem efni standa til.

2. Innsend erindi til nefndar

Þann 23. mars 2017 barst Hverfisnefndinni erindi Snævarrs Arnar Georgssonar, Kambagerði 7, og Georgs Ólafs Tryggvasonar, Háagerði 3, varðandi nýtt Aðalskipulag Akureyrarbæjar 2018-2030 um fyrirhugaða nýbyggingu íbúða á svæði Kotárborga í Gerðahverfi þar sem tillögunni er mótmælt með eftirfarandi rökstuðningi (sjá nánar Fylgiskjal I, „Nýtt aðalskipulag Akureyrar“):

„Til að gera langa sögu stutta, þá eru hér listuð upp helstu áhrif nýrrar byggðar á Kotárborgum:

- Mikil truflun fyrir nágranna á framkvæmdatíma þegar það þarf að sprengja og fleyga klappirnar.*
- Mikil aukning á umferð um nágrannagötur sem í dag eru rólegir botnlangar. Því fylgir hávaðamengun, minna umferðaröryggi og lækkun á virði fasteigna.*
- Mikil útgjöld fyrir Akureyrarbæ og skattgreiðendur þegar það þarf að gera götur og setja lagnir í hreina klöpp.*
- Leikskóli hverfisins [Pálmholt] lagður af.*
- Alveg á mörkum Glerárgils sem er á náttúruminjasrá og ógnar ásýnd og lífríki þess.*
- Mikil eyðilegging verður á jökulminjum sem mótaðar voru af ísaldarjöklinum. Í Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri er sérstaklega tekið fram að vernda skuli þessar jarðmyndanir.*
- Útivistarsvæði Akureyringa í miðjum bæ verður eyðilaggt að stærstum hluta. Mjög mikil skammsýni í þeirri framkvæmd.*
- Svæði sem er ríkt af fuglalífi verður eyðilaggt að stórum hluta og má búast við því að fuglalíf muni snarminnka.*

Í heildina er þessi nýja íbúabyggð öllum til ama nema þá helst verktökum sem munu þurfa að rukka heilmikið fyrir mikla klapparvinnu. Mótmælum við því þessari aðalskipulagstillögu og leggjum til að áfram verði Kotárborgir skipulagðar sem útivistarsvæði fyrir bæjarbúa með stofnanagildi þar sem skólar geta fræðst um lífríki og náttúru Íslands. Það er nóg byggingarland í kringum Akureyri og eftir 100 ár verður virkilega dýrmætt að hafa svona svæði innan bæjarmarkanna. Tökum fram að við erum alls ekki á móti þéttingu byggðar, það er gott og gilt sjónarmið, bara ekki á svona landi sem er einstakt og hvergi annarsstaðar að finna innan bæjarmarkanna. Það er ekkert sem getur komið í staðinn fyrir Kotárborgir þegar það er búið að eyðileggja þær.“

Hverfisnefndin kemur hér með mótmælum íbúa á skjalfest framfæri að beiðni erindreka en ennfremur munu aðrir íbúar Gerðahverfis senda inn mótmæli á eigin vegum til Skipulagssviðs Akureyrarbæjar fyrir tiltekinn frest (þann 20. apríl n.k.)

Að lokum var rætt frekar um Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030 og lagði Georg Ólafur Tryggvason fram áhugaverðar athugasemdir þar að lútandi sem lesa má nánar um í Fylgiskjali II, „Athugasemdir við aðalskipulag Ak. 2017“.

Nýliðun í hverfisnefndina

Nýr meðlimur, Margrét M. Róbertsdóttir, gekk til liðs við hverfisnefndina og bjóðum við hana hjartanlega velkomna.

Annað:

Martha segir hér með formlega af sér störfum fyrir nefndina vegna námsanna og er þetta því síðasti fundur hennar í bili.


Akureyri, 5. apríl 2017

Fundargerð ritaði: Martha E. Laxdal

FYLGISKJAL I

Nýtt aðalskipulag Akureyrar

Nýtt aðalskipulag Akureyrar er á vinnslustigi og gefst íbúum kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir áður en það fer í formlegt ferli. Frestur til þess rennur út fimmtudaginn 20. apríl 2017 og skal skilað skriflega til Skipulagssviðs Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti á skipulagssvid@akureyri.is



Mynd 1: Núverandi aðalskipulag til vinstri og tillaga að nýju skipulagi til hægri. Glerárgil og nágrenni er á náttúruminjaskrá.

Athugasemdir

Gert er ráð fyrir nýrri byggð í Kotárborgum, alls 260 nýjar íbúðir. Þessi nýja íbúabyggð mun eyðileggja frábært útivistarsvæði sem að hluta til er á náttúruminjaskrá og mikið nýtt af Akureyringum. Kotárborgir eru klettaborgir þar sem jarðvegur er lítil sem enginn svo búast má við mikilli röskun og truflun fyrir nágrenna á framkvæmdatíma þegar verktakar munu þurfa að sprengja og fleyga klöppina mánuðum (jafnvel árum) saman fyrir hvern einasta húsgrunn, fyrir hverja einustu götu og fyrir hverja einustu lögn (skólþ, ofanvatn, rafmagn, heitt vatn, kalt vatn, bakrás hitaveitu, ljósleiðari og fjarskiptastrengur). Þetta verða örugglega með dýrustu götum sem að Akureyrarbær mun nokkur tíman leggja og má búast við því að skattgreiðendur muni þurfa að borga það á einn eða annan hátt. Þetta mun auðvitað rústa klöppunum sem að bera minjar eftir ísaldarjökulinn sem mótaði lögun þeirra. Í nýjstu Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri, sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 18. maí 2010, segir orðrétt undir flokknum *Verndun lífríkis og jarðmyndana innan byggðar*: "Gerð áætlunar um tilhögun verndunar á náttúrulegu lífríki og jarðmyndum í byggðinni, t.d. á ísaldarklöppunum í Kotárborgum". Þessi aðalskipulagstillaga gengur þvert gegn þeirri samþykkt. Til viðbótar við þetta mun aukin umferð um núverandi Gerðahverfi valda hávaðamengun og minnka umferðaröryggi. Ný hverfi í dag eru hönnuð með hringtengingar í huga enda þurfa sjúkra- og slökkviliðsbílar áfram að komast í hverfi þó að ein innkeyrsla í það lokist. Líklegast er að tengingar nýju íbúabyggðarinnar komi við norðurenda Grundargerðis og vesturenda Stóragerðis. Rólegar endagötur munu allt í einu verða umferðargötur með gegnumstreymi, það veldur hávaðamengun og ónæði fyrir íbúa, minnkar öryggi bæði fyrir akandi og gangandi vegfarendur og **lækkar verðgildi núverandi fasteigna á svæðinu**, sérstaklega þeirra sem að liggja nálægt Grundargerði og Stóragerði. Auk þess verður Pálmholt, leikskóli hverfisins, lagður niður og fótboltavöllur við norðurenda Grundargerðis tekinn af börnum hverfisins. Þetta stangast á við stefnu Akureyrarbæjar um að vera fjölskylduvænn bær.



Mynd 2: Til vinstri er Hagahverfi á Akureyri sem dæmi um hönnun hringtenginga í nýjum hverfum og til hægri eru sýndar líklegar tengingar við nýverandi íbúðabyggð. Nýja íbúðahverfið er skipulagt með anga sem nær sérstaklega að Stóragerði til að geta tengst þar við.

Um Kotárborgir

Kotárborgir eru fallegar klettaborgir sem mótaðar voru af ísaldarjöklinum sem lá yfir Eyjafirði. Liggja þær í suðurnorður líkt og jökulminjarnar í Krossanesborgum sem eru á náttúruminjaskrá. Í nýjust staðardagskrá 21, sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 18. maí 2010, segir orðrétt undir flokknum *Verndun lífríkis og jarðmyndana innan byggðar*: "Gerð áætlunar um tilhögun verndunar á náttúrulegu lífríki og jarðmyndum í byggðinni, t.d. á Ísaldarklöppunum í Kotárborgum". Glerárgil og nánasta umhverfi Glerár er á náttúruminjaskrá en þar er að finna gróðurrikt gil, skógarlundi, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar, skútar og söguminjar. Nokkuð er um gróður í gílinu og þar má finna t.d. blágresi, sóleyjar, fífla, umfeðming, geithvönn og hinar sjaldgæfu jurtir rauðkoll og bjöllulyng. Ýmsar berjategundir má einnig finna í gílinu svo sem bláber, jarðarber og hrútaber. Stærstu og fallegustu hvalbökin og klettaborginar liggja þó utan þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá og mun ný byggð spilla þeim mikið. Klappirnar hafa verið nýttar á hverjum vetri af skólum bæjarins til að fræða nemenduru um áhrif ísaldarjökulsins og hefur svæðið í heild mikið fræðslugildi.

Til viðbótar við jökulminjar og gróðurfar þá er lygilega fjölskrúðugt fuglalíf á Kotárborgum þrátt fyrir að vera inni í miðjum bæ. Frá árinu 2004 hefur reglulega verið fylgst með fuglalífi klappanna og allar tegundir, öll hreiður og allar athuganir verið skráðar niður. Á mynd 3 má sjá athugunarsvæðið og einnig hvernig fyrirhuguð íbúabyggð mun skera klappirnar í sundur og eyðileggja heildar yfirbragð þeirra.



Mynd 3: Athugunarsvæðið er innan rauðu útlínanna. Á myndinni til hægri er búið að merkja inn áætlaða íbúabyggð. Sést vel hvernig byggðin sker í sundur útivistarsvæðið.

Á næstu blaðsíðu má sjá töflu yfir þær fuglategundir sem sést hafa á athugunartímanum. Er þeim skipt upp í þrjá flokka:

- Staðfestir varpfuglar: Hreiður eða ungar þessara tegunda hafa fundist innan athugunarsvæðisins.
- Mögulegir varpfuglar: Þör hafa sést á varptíma á svæði sem er hentugt búsvæði þeirra og/eða fuglar hafa sést með varpatferli.
- Aðrir fuglar séðir á svæðinu: Fuglar sem hafa sést á svæðinu og nýta það að einhverju leyti án þess þó að verpa þar.

Fuglategundir Athugasemdir Válistaflokkun

Staðfestir varpfuglar Hreiður eða ungar hafa fundist á klöppunum.

Skógarpröstur Algengur og árviss varpfugl. Verpir helst í trjám en líka á jörðu.

Svartþröstur Nýr varpfugl á Akureyri síðan árið 2009. Sést árlega og staðfest varp árin 2013 og 2014, hefur orpið oftari í húsgörðum nálægt klöppunum. Verpir í trjám.

Auðnutittlingur Algengur og árviss varpfugl. Verpir eingöngu í trjám.

Þúfutittlingur Algengur og árviss varpfugl. Verpir í þúfur og sinutoppa á jörðinni.

Steindepill Árviss varpfugl, 1-3 þör á ári. Verpir undir steinum og grjóthleðslum.

Mariuerla Algengur og árviss varpfugl. Verpir í þúfur og sinutoppa á jörðinni.

Hrafn Árviss varpfugl. A.m.k. 3 þekktir hreiðurstaðir sem hafa verið notaðir síðustu 10 árin. Og nei, hrafinn er ekki "vondur fugl", fáir fuglar skemmtilegri. Í yfirvofandi hættu

Hrossagaukur Algengur og árviss varpfugl. Verpir í gras-, mó- og votlendi.

Heiðlóa Sést árlega en verpir ekki alltaf. Þrjú staðfest vörp frá 2004.

Tjaldur Verpir árlega á og við Háskóla Akureyrar.

Straumönd Finnst víða meðfram Glerá og safnast í hópa á lónið neðan við HA. Verpir í graslendi, runnum eða undir trjám.

Hefur orpið í húsgörðum bæjarbúa. Í nokkurri hættu

Mögulegir varpfuglar Þör hafa sést á varptíma og/eða fuglar með varpatferli.

Stökkönd Sést árlega, sterkur grunur um varp sem misfórst í vorhretinu 2006.

Stelkur Sést árlega. Þar hefur sést gefa viðvörunarhljóð til unga.

Rjúpa Sést árlega. Þar hefur sést á varptíma.

Spói Sést árlega. Þar hefur sést á varptíma.

Músarrindill Sést árlega. Sést reglulega með varpatferli og syngjandi meðfram Glerá en erfitt að finna hreiður.

Stari Nýr varpfugl á Akureyri. Verpir líklega ekki á klöppunum sjálfum en í húsgörðum í nágrenninu. Og nei, það er ekki til nein starafló, sama fló er á öllum öðrum fuglum.

Glókollur Sést árlega. Fuglar hafa sést á varptíma í skógarreit á klöppunum.

Krossnefur Flækingsfugl á Íslandi sem hefur hafið varp og er að ná fótfestu. Þar og fleiri fuglar sáust reglulega í skógarreitum á klöppunum vorið 2010.

Sandlóa Þör hafa sést reglulega á varptíma, sérstaklega á malarsvæðinu í kringum gamla athafnasvæðið skammt norðan Pálmholts.

Aðrir fuglar séðir á svæðinu

Fuglar sem hafa sést á svæðinu og nýta það að einverju leyti án þess þó að verpa þar.

Gráþröstur Árviss gestur, flækingsfugl á Íslandi.

Silkitoppa Algengur gestur, flækingsfugl á Íslandi.

Snjótittlingur Stórir hópar á hverjum vetri.

Kjói Hefur sést á klöppunum í veiðiferð. Helst á sumrin.

Smyrill Hefur sést á klöppunum í veiðiferð. Sést á öllum tímum árs. Staðfest varp í

Glerárgljúfrum rétt ofan Hlíðarbrautar.

Fálki Hefur sést á klöppunum í veiðiferð. Sést helst á veturna. Í yfirvofandi hættu

Brandugla Hefur sést á klöppunum í veiðiferð. Sést helst á sumrin. Í yfirvofandi hættu

Jaðrakan Árviss gestur, sést helst á vorin.

Grágæs Árviss gestur, sést helst á vorin og haustin. Í yfirvofandi hættu

Hettumáfur Árviss gestur.

Stormmáfur Árviss gestur. Í nokkurri hættu

Sílamáfur Árviss gestur.

Hvítmáfur Árviss gestur.

Bjartmáfur Árviss gestur.

Svarbakur Árviss gestur. Í yfirvofandi hættu

Kría Ekki árviss gestur, sést þó reglulega.

Allt í allt eru þetta 36 fuglategundir sem nýta sér Kotárborgir á einn eða annan hátt. Þar af eru 11 staðfestar varptegundir, 9 mögulegar varptegundir og 16 tegundir sem nýta sér svæðið á annan hátt. Af þessum 36 tegundum eru 7 þeirra á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Samantekt

Til að gera langa sögu stutta, þá eru hér listuð upp helstu áhrif nýrrar byggðar á Kotárborgum:

- Mikil truflun fyrir nágretta á framkvæmdatíma þegar það þarf að sprengja og fleyga klappirnar.
- Mikil aukning á umferð um nágrennagötur sem í dag eru rólegir botnlangar. Því fylgir hávaðamengun, minna umferðaröryggi og lækkun á virði fasteigna.
- Mikil útgjöld fyrir Akureyrarbæ og skattgreiðendur þegar það þarf að gera götur og setja lagnir í hreina klöpp.
- Leikskóli hverfisins lagður af.
- Alveg á mörkum Glerárgils sem er á náttúruminjaskrá og ógnar ásýnd og lífríki þess.
- Mikil eyðilegging verður á jökulminjum sem mótaðar voru af ísaldarjöklinum. Í Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri er sérstaklega tekið fram að vernda skuli þessar jarðmyndanir.
- Útivistarsvæði Akureyringa í miðjum bæ verður eyðilagt að stærstum hluta. Mjög mikil skammsýni í þeirri framkvæmd.
- Svæði sem er ríkt af fuglalífi verður eyðilagt að stórum hluta og má búast við því að fuglalíf muni snarminnka.

Í heildina er þessi nýja íbúabyggð öllum til ama nema þá helst verktökum sem munu þurfa að rukka heilmikið fyrir mikla klapparvinnu. Mótmælum við því þessari aðalskipulagstillögu og leggjum til að áfram verði Kotárborgir skipulagðar sem útvistarsvæði fyrir bæjarbúa með stofnanagildi þar sem skólar geta fræðst um lífríki og náttúru Íslands. Það er nóg byggingarland í kringum Akureyri og eftir 100 ár verður virkilega dýrmætt að hafa svona svæði innan bæjarmarkanna. Tökum fram að við erum alls ekki á móti þéttingu byggðar, það er gott og gilt sjónarmið, bara ekki á svona landi sem er einstakt og hvergi annarsstaðar að finna innan bæjarmarkanna. Það er ekkert sem getur komið í staðinn fyrir Kotárborgir þegar það er búið að eyðileggja þær.

Snævarr Örn Georgsson, Kambagerði 7, 600 Akureyri
Georg Ólafur Tryggvason, Háagerði 3, 600 Akureyri

Nánari upplýsingar veitir Snævarr Örn í síma 699-7914 eða í gegnum netfangið snaevarr@internet.is

FYLGISKJAL II

Athugasemdir við aðalskipulag Ak. 2017

- **Kotárborgir** standi óhreyfðar um alla framtíð enda eina ósnortna svæðið innan þéttbýlisins, er það í samræmi við þau ákvæði í Staðarskrá 21 sem samþykkt var 2010, ákvæði sem kveða á um að Kotárborgir skuli varðveittar sem grænt opið svæði og hlúð að.
- **Glerárgata** verði áfram 2 akreinar, ath þetta er þjóvegur nr. 1 og er Vegagerðin andsnúin þessum breytingum, til stuðnings því fylgja hér umferðartölur fyrir árið 2016 um Öxnadalshéiði og Víkurskarð, hvortveggja umferð sem fer um Glerárgötu sem er auk þess tengibraut milli þorps og eyrar, miðbæjar og innbæjar.
Umferðartölur 2016:
Öxnadalshéiði meðaltalsumf. pr. dag **1.250** bílar x 365 = **465.250** pr. ár
Víkurskarð “ “ “ **2.525** “ “ = **767.595** “ “
- **Búðargil** verði malbikað og umhverfi þess snyrt enda hefur gatan tekið við tengihlutverki Spítalavegs milli Innbæjar og Brekku eftir að Sp.vegur var gerður að einstefnu.
- **Hamragerði**, baklóðir þessara húsa fái að standa óhreyfðar og umhverfi Dalsbrautar verði snyrt frekar enda með betur heppnaðri umferðarleiðum Akureyrar.
- **Pálmholt**, starfsemi verði þar áframhaldandi enda olnbogarými fyrir starfsemina gott og vistvænt að því leyti. Verði starfsemi þar lögð af þá verði hún tengd leikskólanum við Lundaskóla í stað þess að flytja hana út að Glerárskóla hvar hún myndi þrengja að þróttasvæði Þórs.
- **Íþróttasvæði þórs og KA** verði ekki skert heldur þess í stað gert ráð fyrir meira svigrúmi þeim til handa enda vita allir sem eitthvað hafa kynnt sér, að öflugt unglíngastarf og íþróttir eru öflugasta forvörnin gegn því að unglíngar ánetjist vímuefnum og áfengi sem og „lífstíllsjúkdómi“ yngstu kynslóðarinnar, hreyfingarleysi. Þessu starfi ber að hlúa að og efla.
Hvernig voru íþróttasvæðin fyrir 20 og 40 árum, er sú breyting tilkomin af þörf eða sýndarmennsku? Hver verður þörfin á næstu 20 til 40 árum.
- **Akureyrarvöllur**. Ekki verði hróflað við Akureyrarvelli heldur hann gerður að fólkvangi m.a. til samfagnaðar á 17. júní og öðrum tilfallandi uppákomum.

Vilji Akureyri ennþá kenna sig við „Öll lífsins gæði“ skyldi endinn í upphafi skoða.

Akureyri 29.mars 2017.
Georg Ólafur Tryggvason
got@internet.is